

Nr. 18-030 S 019 Steinunn SF 10**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 2449
Smíðaður: Kína 2001, stál
Stærð: 210 brl. 327 bt.
Mesta lengd: 28,62 m Skráð lengd: 26,04 m
Breidd: 9,17 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Caterpillar 340 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12



Steinunn©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. febrúar 2018 var Steinunn SF 10 á togveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: NNV 22 m/s.

Þegar skipverjar voru að láta trollið fara slóst grandari á trollinu í andlit eins þeirra sem var á bakborðshleranum. Skipverjinn fékk áverka á höfuð, skarst á vinstra kinnbeini og bólgaði upp.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að horfa á eftir trollinu til að athuga hvort það væri klárt;
- að í þessu tilfalli lágu grandararnir bb. megin utan í rennunni, þegar skipið lyftist upp á ölduna að framan gengu grandararnir upp úr henni og lentu á höfði skipverjans;
- að slá var yfir rennunni að aftanverðu en þrátt fyrir það fór grandarinn svo hátt upp að hann lenti á skipverjanum en að sögn stýrimanns væri það mjög sjaldgæft;
- að fram kom að í svona tilfellum þegar grandarinn lág yfir í bakborðshluta rennunnar áttu skipverjar við stb hlera að horfa út á eftir trollinu;
- að skipverjinn var með öryggishjálmi af Jofa gerð sem kom í veg fyrir alvarlegri áverka.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til óvarkárni við erfiðar aðstæður.